

Borgarstjórn Reykjavíkur

17. mars 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að leikskólar Reykjavíkurborgar taki ekki við óbólusetnum börnum án læknisfræðilegra ástæðna:

Borgarstjórn samþykkir að ekkert barn skuli fá inngöngu á leikskóla á vegum Reykjavíkurborgar nema það hafi fengið þær bólusetningar sem aldur þess segir til um, samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnalæknis frá janúar 2013. Undantekningar frá þessu má gera ef læknisfræðilegar ástæður hamla því að börn séu bóluset. Leikskólar skulu jafnframt fylgjast með því að börn haldi áfram að fá þær bólusetningar sem leiðbeiningar sóttvarnalæknis kveða á um, fram til fjögurra ára aldurs. Skóla- og frístundasviði skal falið að útfæra þau skilyrði sem umsókn um leikskólavist þarf að uppfylla að þessu leyti og til hvaða ráðstafana þarf að grípa á leikskólum.

Greinargerð:

Upp á síðkastið hefur borið á því að foreldrar neiti að láta bólusetja börn sín og beri fyrir sig áhyggjur af hugsanlegum neikvæðum aukaverkunum bólusetninga. Þetta er afar varhugaverð þróun, enda verður að viðhalda háu bólusetningarstigi eigi að varðveita svokallað hjarðónæmi gagnvart smitsjúkdómum. Áhættan af neikvæðum afleiðingum bólusetninga er stjarnfræðilega miklu minni en áhættan af margs konar hættulegum og banvænum smitsjúkdómum sem þeim er ætlað að hindra. Sóttvarnalæknir hefur ennfremur bent á að í sumum aldurshópum sé nauðsynlegt að auka þátttöku í bólusetningum barna. Hefur þá verið vísað til ónógrar þátttöku í bólusetningum fyrir 12 mánaða börn og fjögurra ára, meðal annars vegna tímabundinna veikinda, að foreldrar séu nýfarnir að vinna eftir barnsburðarleyfi, flutninga milli landshluta o.s.frv. Foreldrar sem neita eða trassa að láta bólusetja börn sín setja önnur börn, sem til dæmis mega ekki fá bólusetningu af læknisfræðilegum ástæðum, í mikla hættu ef til smitfaraldurs kemur. Slíkt er engan veginn útilokað, eins og nýlegar fréttir af mislingafaraldri í Þýskalandi sýna. Til þessa hefur ekki verið talið nauðsynlegt að gera bólusetningar að skyldu, þar sem ríkur vilji hefur verið meðal foreldra að láta bólusetja börn sín. Með því að gera bólusetningar að skilyrði fyrir leikskólavist myndi Reykjavíkurborg stuðla að því að foreldrar axli ábyrgð og taki áfram þátt í að tryggja haldgóðar varnir gegn smitsjúkdómum.